

Glímur og glænýjar tölur úr Kvennaathvarfinu

Hildur Guðmundsdóttir

Árið 2019 í tölum



Umfang

- Alls komu 144 konur í dvöl
- 100 börn í dvöl
- 294 konur í viðtöl í alls 545 skipti
- 214 viðtöl í Bjarkarhlíð

Lengd dvalar og uppruni

Að meðaltali dvöldu 12 konur á dag í húsinu í 30 daga

Að meðaltali dvöldu 11 börn á dag í húsinu í 39 daga, meðalaldur 5, 1 ár

Flestar konur í viðtölum íslenskar (74%), erlendar (25%) og 78% búsettar á höfuðborgarsvæðinu

Jafnari skipting í dvöl; íslenskar (51%), erlendar (49%) og 65% búsettar á höfuðborgarsvæðinu

Tegund ofbeldis

	2018	2019
Andlegt ofbeldi	98%	93%
Líkamlegt ofbeldi	57%	60%
Fjárhagslegt ofbeldi	45%	48%
Kynferðislegt ofbeldi	36%	37%
Ofbeldi gegn börnum	19%	35%
Morðhótanir	18%	26%
Kyrkingartak	ekki spurt	25%
Stafrænt ofbeldi	11%	20%
Eltihrellir	9%	16%
Stafrænt kynferðisofbeldi	5%	6%

Áverkar

Í 12% tilfella, að meðaltali, voru konur með líkamlega áverka við komu í athvarfið. Hærra hlutfall hjá dvalarkonum (23%) en hjá viðtalskonum (6%)

64% dvalarkvenna og 49% viðtalskvenna hafði einhvern tímann hlotið áverka

Tengsl við gerendur

	2018	2019
Eiginmaður	29%	26%
Fyrrverandi sambýlismaður	13%	15%
Vinur/kunningi/ættingi/annar	17%	15%
Fyrrverandi eiginmaður	10%	13%
Sambýlismaður	10%	13%
Fyrrverandi kærasti	8%	11%
Kærasti	12%	6%

Gerendur og kærur


Núverandi (45%) eða fyrrverandi maki (39%)

18-83ja ára, meðalaldur 43 ár

15% kvenna höfðu kært ofbeldi af hálfu núverandi geranda til lögreglu við komu í athvarfið

Afdrif dvalarkvenna

	2018	2019
Ættingjar/vinir	19%	17%
Ekki vitað	10%	15%
Heim til ofbeldismanns	13%	15%
Nýtt húsnæði	19%	13%
Úr landi	9%	8%
Annað	15%	8%
Í athvarfinu um áramótin	5%	8%
Heim, ofbeldismaður bjó ekki þar	6%	8%
Heim, ofbeldismaður farinn	2%	4%
Sjúkrastofnun	2%	3%



Við hvað glíma konur í athvarfinu? Áframhaldandi ofbeldi

Ofbeldi í nánnum samböndum er illa skilgreint í íslenskum lögum því eru mörg tækifæri sem ofbeldismönnum býðst til að beita og viðhalda ofbeldi án þess að hægt sé að sporna við því. Það veldur því að oft verður brotþoli fyrir ítrekuðum áföllum yfir langan tíma sem bæði veldur miklum kostnaði og álagi í samfélaginu og bitnar það bæði á börnum sem og fullorðnum þolendum.

Áskorun:

- Lög og túlkun laga: Að lög geri ráð fyrir frávikum í skilnaðarferli, ss. heimilisofbeldi. Lögin mega ekki bjóða upp á að gerandi geti haldið áfram að beita brotþola ofbeldi eftir að brotþoli hefur yfirgefið geranda og sótt um skilnað/sambúðarslit.

Við hvað glíma konur í athvarfinu? Áframhaldandi ofbeldi – ofsóknir/eltihrelling

- Áframhaldandi ofbeldi
 - Ofsóknir - eltihrelling – að geta ekki mætt í vinnu og börn í leikskóla og/eða skóla v/ofbeldismanns. Þáttur snjalltækja. Erfitt að fá nálgunarbann.
- Áskorun
 - Varúðarráðstöfun vs. þvingun. Þarf mjög mikið til að fá nálgunarbann. Er það svo mikil frelsisvipting?
 - Ársskýrsla athvarfsins 2018: 48% kvenna sem leita til athvarfsins hafa fengið áverka vegna heimilisofbeldis núverandi maka, 49% hafa óttast um líf sitt, lögregla hefur komið á vettvang í 37% tilfella en einungis 5% hafa fengið nálgunarbann! Þegar bannið fæst eru litlar afleiðingar ef bannið er brotið.

Áskoranir – Aðkoma lögreglu á heimilisofbeldismálum

Á hverfastöðvum er viðtal ekki alltaf tekið upp sem stoppar flæði í frásögn þolanda.


Tilvik þar sem dregið er úr konum að leggja fram kæru.

Kynferðisbrotamálin eru unnin á einum stað þar sem sérfræðipekking safnast saman, en heimilisofbeldismál á hverfastöðvum, þar sem þjónusta/viðmót er misjafnt.

Að þolendur heimilisofbeldis fái sjálfkrafa réttargæslumann eins og í kynferðisbrotamálum.

- Langur málsmeðferðartími: Frá því brotþoli sækir um skilnað þar til skilnaður gengur í garð geta liðið margir mánuðir og/eða allt upp í 2 ár í einstaka tilfellum. Brotþolar eru í mestri lífshættu á þessu tímabili, því mikilvægt að hafa það sem styst. Það er erfitt að halda út bæði fjárhagslega og tilfinningalega svo langt tímabil í algerri biðstöðu.
- Á meðan...

Við hvað glíma konur í athvarfinu?
Áframhaldandi ofbeldi – lengd
skilnaðarferlis



Við hvað glíma konur í athvarfinu? Á meðan...

Fjárhagslegt ofbeldi: Gerandi býr oft í húsnæði fjölskyldunnar en brotþoli er í sumum tilvikum heimilislaustr með börn sín. Að búa í kvennaathvarfi er t.d. að vera heimilislaustr. Gerandi getur setið lengi á eignum og persónulegum munum brotþola. Úrræði vantar.

Afkoma/aðstoð: Á meðan skilnaður næst ekki, á brotþoli ekki rétt á ýmis konar aðstoð sem einstætt foreldri/heimilislaustr annars nýtur í öðrum kerfum ríkis og/eða sveitafélaga.

Framfærsluskylda: Lög um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna virðast ekki koma til framkvæmda sama hversu illa brotþoli er staddur fjárhagslega eða hvaða stöðu hann hefur varðandi dvalarleyfi/atvinnuleyfi á landinu.

Við hvað eru konur að glíma í athvarfinu? Fjárhagslegir erfiðleikar

- Engin og/eða lág framfærsla eða tekjur. Mega ekki framfleyta sér
 - Eiga ekki rétt v/þess að þær eru giftar í kerfinu og/eða tekjur/eignir maka
 - Erfiður húsnæðismarkaður
 - Túlkaþjónusta hjá sýslumanni – kostnaður
 - Kostnaður v/lögmannna
- Áskorun
- Túlkaþjónusta: Mikilvægar ákvarðanir teknar hjá sýslumanni og því er mikilvægt að þar sé boðið upp á túlkaþjónustu á kostnað ríkisins eins og í öðrum stofnunum þess.
 - Gjafsókn: Rýmka heimildir til gjafsóknar í forsjármálum og opinberum skiptum. Fjárhagsleg staða kvenna sem eru að enda ofbeldissamband er oft mjög slæm, gerendur sitja í húsnæði fjölskyldunnar en börn þeirra þurfa að dvelja í athvarfi. Konurnar sitja fastar í kerfinu sem giftar konur eða í sambúð án þess þó að njóta hagsmuna hjónabandsins.

Við hvað glíma konur í athvarfinu?

Áskorun:

- Hjúskaparlög: Mikilvægt að endurskoða þau og samræma nútíma samfélagi. Hugmynd að breytingum væri til dæmis að þegar sótt er um skilnað, séu hjón strax aðskilin í kerfinu, þó þau fái ekki lögskilnað fyrr en búið er að ganga frá eignaskiptum og forsjá barna þegar það á við.
- Virkja ábyrgð geranda gagnvart maka af erlendum uppruna

Við hvað glíma konur í athvarfinu? Áframhaldandi ofbeldi - umgengni barna

- Umgengni barna: Rannsóknir sýna að börn sem búa við heimilisofbeldi verða fyrir óbeinu og/eða beinu ofbeldi og það hefur neikvæð, langvarandi áhrif á börnin. Kerfið og samfélagið allt á að vernda börn og hafa þeirra hagsmuni að leiðarljósi. Réttur foreldris til umgengni og þar með réttur ofbeldismanna virðist veга þyngra en réttur barna til að eiga ofbeldislaust líf. Í sumum tilvikum eru börn neydd í umgengni við ofbeldisfullan föður sem þau eru hrædd við.
- Sýslumaður leggur áherslu á að foreldrar virði umgengnisrétt en Barnavernd setur hins vegar þá ábyrgð á móður að meta hvort öryggi og/eða velferð barnsins vegi þyngra en að brjóta lög um umgengni, jafnvel þó það geti kostað hana dagsektir, innsetningu (barn tekið með valdi) og geti unnið gegn henni í forsjárdeilu (tálmun). Í sumum tilvikum liggja fyrir áverkavottorð og lögregluskýrsla/ur en barnið/börnin eru samt sett í umgengni. Gætu börn fengið að njóta vafans? Að lög um vernd barna vegi þyngrri en réttur foreldra þess til umgengni.

Við hvað glíma
konur í
athvarfinu?
Áframhaldandi
ofbeldi -
umgengni
barna

Áskorun:

Taka þessa ábyrgð af móður.

Kerfi virkara -
bráðabrigðaumgengni/forsjá

Við hvað glíma konur í athvarfinu? Dvalarleyfi og framfærsla

- Ofbeldismönnum gefið mikið vald með því að dvalarleyfi/atvinnuleyfi sé bundið maka.
- Langur biðtími og afgreiðsla dvalarleyfa á breyttum forsendum
- Sending gagna á lögheimili. Brotapoli fær ekki upplýsingar um sín mál en gerandi hefur aðgang að þeim.
 - **Áskorun**
- Styttri afreiðslufrestur á dvalarleyfum á breyttum forsendum
- Sjálfkrafa nýtt dvalarleyfi í þeim tilvikum sem sýslumaður gefur út lögskilnað strax vegna þess að maki hefur viðurkennt að beita ofbeldi í hjónabandinu.
- Tímabundið atvinnuleyfi á meðan brotapolar eru að bíða eftir niðurstöðu í sínum málum. Það ferli er oft á tíðum mjög langt (mánuðir/ár) og á meðan hafa sumir brotapolar hvorki framfærslu né rétt á að framleyta sér með vinnu. Framfærslustyrkur frá sveitarfélögum getur ennfremur unnið gegn umsækjendum í umsóknarferli útlendingastofnunar seinna meir.
- Meira samstarf: i) varðandi mál kvenna sem dvelja í Kvennaathvarfinu, ii) þegar vitneskja liggur fyrir um að fleiri en ein kona hefur leitað í Kvennaathvarfið vegna sama geranda.

Áskorun – Útlendingastofnun

Ofbeldismönnum gefið mikið vald með því að dvalarleyfi/atvinnuleyfi sé bundið maka. Leiðir til þess að sumir brotáþolar reyna að halda ofbeldi út í 4 ár. Það er langur tími og getur haft miklar afleiðingar á brotáþola og börn þeirra.

Tímabundið atvinnuleyfi á meðan brotáþolar eru að bíða eftir niðurstöðu í sínum málum. Það ferli er oft á tíðum mjög langt (mánuðir/ár) og á meðan hafa sumir brotáþolar hvorki framfærslu né rétt á að framleyta sér með vinnu. Framfærslustyrkur frá sveitarfélögum getur ennfremur unnið gegn umsækjendum í umsóknarferli útlendingastofnunar seinna meir.

Sjálfkrafa nýtt dvalarleyfi í þeim tilvikum sem sýslumaður gefur út lögskilnað strax vegna þess að maki hefur viðurkennt að beita ofbeldi í hjónabandinu.

Meira samstarf: i) varðandi mál kvenna sem dvelja í Kvennaathvarfinu, ii) þegar vitneskja liggur fyrir um að fleiri en ein kona hefur leitað í Kvennaathvarfið vegna sama geranda.

Sending gagna á lögheimili. Brotáþoli fær ekki upplýsingar um sín mál en gerandi hefur aðgang að þeim.

Langur biðtími og afgreiðsla dvalarleyfa á breyttum forsendum



Hvað eru börnin að glíma við?

Að lifa með því sem þau hafa orðið vitni að

Að reyna að skilja hið óskiljanlega

Að taka ábyrgð á líðan fullorðinna

Álag -
Biðtími/breytingar

Neydd í umgengni

Við hvað glíma konur í kvennaathvarfi?

- Í öllu þessu ferli er kannski það erfiðasta að:

• B

• Í

• Ð

• A

Og

Á


L

A

G

- Karl giftist konu frá landi utan EES, dregur ferli í dvalarleyfismálum, umsókn ófullnægjandi, karl bregst ekki við beiðni Utl að skila inn gögnum, konan gefst upp áður en hún fær fyrsta dvalarleyfi.
 - Fer aftur heim til ofbeldismanns
 - Fer til heimalands
- Karlar í leit að alþjóðlegri vernd giftast íslenskum konum, oft öryrkjum eða í „veikri stöðu“

Aukið „trend“?



Áskorun – Fræðsla er fyrirbyggjandi

- Leggja áherslu á að auka meðvitund og fræða sem flesta, ekki síst ungt fólk og fólk sem flytur til landsins.
- Setja til dæmis fræðslu um ofbeldi í námsskrá unglingadeilda grunnskóla, þar sem sum byrja sín fyrstu sambönd.
- Hafa kynjafræði sem skylduáfangi í skólum á framhaldsstigi.
- Rýmka hlutverk Útlendingastofnunar og Þjóðskrár til að kynna íslenskt samfélag, réttindi og skyldur til útlendinga sem flytja til landsins, þar með upplýsingar um ofbeldi. Í aðra hvora eða báðar þessar stofnanir þurfa allir að fara sem hér vilja dvelja. Það hefur verið mikið rætt um hversu erfitt er að ná til og/eða koma upplýsingum til útlendinga búsetta á landinu. Vissulega kostnaður en sem kemur til með að borga sig þegar til lengdar lætur.
- Saman gegn ofbeldi: Skikka foreldra í fræðslu um alvarlegar afleiðingar ofbeldis á börn? Tækifæri skapast þegar lögregla, félagsþjónusta og barnavernd eru kallaðar á vettvang heimilisofbeldismála.

Takk fyrir mig

Hildur@kvennaathvarf.is

Símanúmer 561 1205